



BRUNAVARNAÁÆTLUN

Slökkvilið Langesbyggðar

OKT 2026 - OKT 2031



AÐALSTÖÐ

Þórshöfn

AÐRAR STÖÐVAR

Bakkafjörður

Efnisyfirlit

1	SAMANTEKT OG NIÐURSTÖÐUR	3
2	INNGANGUR	4
3	STARFSSVÆÐI	5
4	SKIPULAG OG STARFSEMI	9
5	HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR	16
6	ÁHÆTTUMAT OG MÓTVÆGI	17
7	FRAMKVÆMDAÁÆTLUN	19
8	FYLGISKJÖL	22

1 SAMANTEKT OG NIÐURSTÖÐUR

Slökkvilið Langanesbyggðar hefur eflst töluvert á liðnum árum. Slökkviliðið er vel mannað og menntun góð. Slökkviliðsstjóri er í fullu starfi og aðrir slökkviliðsmenn í hlutastarfi. Átta slökkviliðsmenn eru með virk reykköfunarréttindi. Nokkur endurnýjun hefur orðið á búnaði liðsins á síðustu misserum.

Áhættugreining er byggð á huglægu mati, sem byggir á þekkingu slökkviliðsstjóra, slökkvíáætlunum og útreikningi á vatnspörf. Áhættumat þetta var unnið á árunum 2023 til 2026 og tekur tillit til allra bygginga innan sveitarfélagsins sem teljast vera sérstaklega áhættusamar m.t.t. slökkvistarfs og fólksfjölda.

Lang stærsta áhætta svæðisins er húsnæði Ísfélagsins hf. á Þórshöfn. Það flokkast í áhættuflokk 5 sem kallar á aðstoð nágrannaslökkviliða varðandi mannskap og búnað ef þær aðstæður skapast. Þá er mikilvægi fyrirtækisins gríðarlega mikið í samfélaginu á Þórshöfn þar sem það er lang stærsti vinnustaður svæðisins. Einnig eru aðrar stórar áhættur á starfssvæði slökkviliðsins, til að mynda dvalarheimili, flugvöllur og önnur mikilvæg mannvirki.

Hvað varðar Bakkafjörð þá er ekki um lífbjörgun þar að ræða vegna skorts á mannskap en einn bíll er á staðnum og einn til tveir menn á svæðinu og stundum enginn. Gæti þá liðið allt að 60 mínútur þangað til björgunarstörf hefjast. Viðbragð verður að koma frá Þórshöfn og/eða Vopnafirði. Brýnt er að sveitarfélagið horfi til þess að styrkja íbúa Bakkafjarðar vegna eigin brunavarna.

Rétt er að árétta hversu langt er í aðstoð næstu slökkviliða vegna vegalengda. Því er mjög mikilvægt að slökkviliðið sé vel mannað og vel búið á hverjum tíma.

2 INNGANGUR

Markmið brunavarnaáætlunar er að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við lögbundin verkefni og þær áhættur sem eru í sveitarfélaginu. Brunavarnaáætlun á að stuðla að því að vernda líf og heilsu fólks, eignir og umhverfi með fullnægjandi eldvarnaeftirliti og viðbúnaði við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi. Þannig gefur brunavarnaáætlun íbúum og stjórn sveitarfélags gott yfirlit yfir starfsemi og ástand slökkviliðs og getur því orðið grunnur að gæðastjórnun og áætlun um endurbætur, t.d. hvað varðar búnað, menntun og samstarf við aðra aðila. Einn mikilvægasti þáttur brunavarnaáætlunar er að gera sér grein fyrir hvar úrbóta er þörf og gera grein fyrir því í framkvæmdaáætlun.


Brunavarnaáætlun er unnin af slökkviliðsstjóra og skal samþykkt af HMS og viðkomandi sveitarstjórn.

3 STARFSSVÆÐI

Þessi kafli lýsir starfssvæði slökkviliðsins og hvaða sveitarfélög það þjónustar, skilgreiningu á útkallssvæðum ásamt upplýsingum um vatnsöflun vegna slökkvistarfs.

Sveitarfélag	Íbúafjöldi	Stærð svæðis (km ²)	Slökkvistöð
Langanesbyggð	580	2.483	Þórshöfn


Starfssvæðið saman stendur af tveimur þéttbýliskjörnum og dreifbýli. Aðalslökkvistöð er á Þórshöfn en bíll er staðsettur á Bakkafirði. 44 Kílómetrar eru frá Þórshöfn til Bakkafjarðar og nokkur lögbýli eru þar á milli. Vatnsöflun getur verið erfið vegsloðar að sjó þola illa stóra þunga bíla og yfir vetrartíma gæti snjór og ís heft aðgengi að ám og lækjum. Í vestur eru 54 km að mörkum starfssvæðis og eru nokkur lögbýli þar. Vatnsöflun getur verið erfið og langt í vatn. Yfir vetrartíma getur færð verið erfið. Þó stutt sé í sjó þar á sumum stöðum er aðgengi erfitt fyrir þunga bíla.




3.1 ÚTKALLSSVÆÐI

Útkallssvæði slökkviliða skiptast í fjóra flokka. Eftirfarandi kort sýna tímalínur sem skipta starfssvæði slökkviliðsins í útkallssvæði eftir viðbragðstíma þar sem minnst ein útkallseining er komin á vettvang og vinna hafin fyrir slökkvistarf innanhúss:

- Útkallssvæði 1: Innan 10 mínútna frá útkalli.
- Útkallssvæði 2: 10 til 15 mínútna frá útkalli.
- Útkallssvæði 3: 15 til 20 mínútna frá útkalli.
- Útkallssvæði 4: Meira en 20 mínútur frá útkalli. Á útkallssvæði 4 skal sýna tímalínur fyrir hverjar viðbættar 15 mínútur.



Mynd 2



3.2 VATNSÖFLUN Á STARFSSVÆÐI

Á Þórshöfn eru 15 brunahanar víðs vegar um bæinn með vatnsþrýsting um 3 - 5 bar. Einnig er víða þökkalegt aðgengi að sjónum og Hafnarlæknum.

Þórshöfn fær vatn frá rótum Gunnólfsvíkurfjalls um 13 km leið frá þéttbýli um 140 mm lögn í safntank sem tekur 180 m³. Frá tankinum liggur um 100 metra lögn sem greinist í tvær 130 mm lagnir sem liggja síðan um þorpið.

Á Bakkafirði eru samtals fimm brunahanar. Eru þeir með nægjanlegt vatnsmagn eða um 3 til 5 bör í þrýsting. Veitukerfi bæjarins hefur verið endurnýjað að fullu. Ekki er gott að ná upp sjó, bæði vegna erfiðs aðgengis og mikillar hæðar á sjávarbakkanum. Þarf að skipta um 2 brunahana 1 nyrst í bænum og bæta öðrum við aðalgötu syðst.

Bakkafjörður fær vatn frá ásnum ofan og austan við þorpið. Þar er safnþró og liggur 140 mm lögn að safntanki. Þar er þrýstijöfnun. Tankurinn er hliðartengdur á lögnina með einstefnuloka og framhjáhlaupi til að tryggja ferskleika vatnsins í honum. Síðan liggur 110 mm lögn um þorpið.

Viðhald brunahana er á vegum Vatnsveitu Langanesbyggðar og sér hún um afkastagetu þess. Slökkvistjóri sér um mælingar á afköstum brunahana. Nánari upplýsingar er að finna hjá Vatnsveitu Langanesbyggðar.

Vatnsból í dreifbýli er misjafnt eftir stöðum, allt frá því að ekkert vatn er í námunda við bæi og til þess að gnægð vatns er við bæjardyrnar. Til er kort í öllum bílum slökkviliðsins sem sýnir vatnstökusvæði á hverjum stað.


Einnig er tankbíll með 10.000 lítra af vatni.

Þrýstingur er að jafnaði 3 - 5 bör en getur þó verið minni ef full vinnsla er í stærsta vinnustað Þórshafnar Ísfélaginu. Minni þrýstingur er í efri hluta byggðar á Þórshöfn. Á Bakkafirði er jafn þrýstingur sem er um 3 - 5 bör.

Á vefsíðu Langanesbyggðar eru einnig kort af brunahönum og vatnstökustöðum í öllum bílum.

4 SKIPULAG OG STARFSEMI

4.1 SKIPULAG OG SKIPURIT



Slökkvilið Langanesbyggðar er mannað af slökkviliðsmönnum í hlutastarfi sem ekki hafa fasta viðveru á slökkvistöð. Slökkviliðsstjóri er í fullu starfi en hluti af starfsskyldum hans er þjónusta við ISAVIA á flugvelli, eldvarnaeftirlit og forvarnastarf ásamt daglegri yfirstjórn. Auk hans eru í slökkviliðinu varaslökkviliðsstjóri, tveir varðstjórar og slökkviliðsmenn.

Slökkviliðsstjóri annast daglegan rekstur slökkviliðsins. Hann skipar staðgengla slökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á daglegri yfirstjórn gagnvart sveitarstjórn og í forföllum hans ber varaslökkviliðsstjóri þá ábyrgð.

Stjórn útkalla er á ábyrgð slökkviliðsstjóra eða varaslökkviliðsstjóra í samræmi við vaktskipulag slökkviliðsins. Staða slökkviliðsstjóra er 100 % og staða varaslökkviliðsstjóra ekki í fastri prósentu en fær greidd bakvaktarlaun og fyrir unna vinnu þegar hann leysir af vegna fría og einnig tekur hann bakvaktir á móti slökkviliðsstjóra.

Helstu verkefni daglegrar yfirstjórnar eru að:

- Stjórna starfseminni og samræma og sjá til þess að slökkvilið vinni sem traust heild að þeim markmiðum sem því eru sett.
- Sjá um áætlanagerð og fjárhagslegan rekstur slökkviliðsins og að heildarstarfsemin sé

innan fjárhagsramma.

- Stuðla að góðri þjónustu fyrir almenning og fylgja eftir þörfum og breytingum samfélagsins.
- Sjá til þess að starfsemin sé vel kynnt.
- Stuðla að góðu samstarfi við þá aðila sem tengjast starfseminni.
- Vinna að því að búnaður liðsins, færni og menntun starfsmanna sé í samræmi við þjónustustig.
- Stuðla að jákvæðum og framsæknum starfsanda sem hvetur einstaklinga til þess að ná settum markmiðum.

Auk varaslökkviliðsstjóra er einn varðstjóri á Þórshöfn og 16 manna útkallseining. Á Bakkafirði er varðstjóri og einn slökkviliðsmaður með honum sem sinna fyrsta viðbragði. Ekki eru nema 44 km á milli Þórshafnar og Bakkafjarðar og aðstoð því um 60 mínútur að berast milli staðanna. Einnig er hægt að kalla eftir aðstoð frá Vopnafirði og Raufarhöfn samkvæmt samningi við Slökkvilið Múlaþings og slökkvilið Norðurþings.

4.2 STARFSEMI

Slökkvistöð	Aðalstöð	Skilgreint skipulag	Stjórnendur	Slökkviliðs menn	Forvarnir og eldvarnareftirlit
Þórshöfn	Já	Vakt á stöð á dagvinnutíma	4	16	1
Bakkafjörður	Nei	Hlutastarf - Vaktaskipulag	1	2	0

Slökkviliðið sinnir öllum helstu þáttum slökkvistarfa og vatnsöflun bæði úr brunahönum og úr opnum vatnsbólum. Unnið er með flutning vatns á eldstað. Slökkviliðið er fært til að sinna slökkvistarfi bæði innan og utanhúss, vinna að reykköfun og reyklosun.

Ljóst er að slökkvistarf innanhús eða lífbjörgun er ekki raunhæf á Bakkafirði vegna mannfæðar en þar eru einungis tveir slökkviliðsmenn. Þá hefur heldur ekki tekist að halda mönnum með reykkafararéttindi. Finna þarf aðrar leiðir t.d. styrkja fólk til að efla eigin brunavarnir.

Slökkviliðið sinnir mengunarvörnum og björgun á fastklemmdu fólki. Æfingar miðast við að allir geti unnið störf í samræmi við þjálfun, menntun og þjónustustig.

Öryggisvöktun er sinnt eftir beiðnum húseiganda og/eða kröfu slökkviliðsstjóra og innheimt gjald fyrir í samræmi við gjaldskrá slökkviliðsins.

Við almannavarnaraðstæður er unnið eftir skipulagi almannavarna. Slökkviliðið sér um slökkvistarf, losun fastklemmdra og stöðvun á útbreiðslu mengandi efna.

Slökkviliðið sinnir samkvæmt samningi við ISAVIA fyrsta viðbragði björgunarþjónustu á Þórshafnarflugvelli. Slökkviliðið sinnir jafnframt eigin hlutverki vegna viðbragðs í útköll á flugvöllinum og hlutverki sínu í viðbragði Almannavarna eftir flugslysaáætlun sem gerð hefur verið fyrir Þórshafnarflugvöll.

4.3 MENNTUN OG ÞJÁLFUN

Menntun og þjálfun slökkviliðsmanna skal vera í samræmi við kröfur um þjónustustig liðsins. Nægjanleg þekking og reynsla þarf að vera innan slökkviliðsins svo það sé í stakk búið að ráða við áhætturnar í sveitarfélaginu og að henni sé viðhaldið. Í töflu hér að neðan kemur fram menntunarstig starfsmanna slökkviliðs, skipt niður á þau námskeið sem nauðsynleg eru fyrir menntun í samræmi við lögbundnar kröfur.

Námskeið	Stjórnendur	Slökkviliðsmenn	Samtals
Eldvarnareftirlitsmaður I	1	0	1
Eldvarnareftirlitsmaður II	1	0	1
Eldvarnareftirlitsmaður III	1	0	1
Námskeið 1	4	15	19
Námskeið 2	4	15	19
Námskeið 3	4	9	13
Námskeið 4	4	9	13
Stjórnandi	2	0	2

Þjálfunaráætlun slökkviliðsins er með eftirfarandi hætti:

Reynt er eftir fremsta megni að æfa einu sinni í mánuði.

Gefin er út æfingadagskrá á haustin. Einnig er æft með Isavia á flugvelli einu sinni á ári og æfing tekin á ratsjárstöð Gunnólfsvíkurfjalli. Á fjögurra ára fresti er stór flugslýsaæfing miðuð við viðbragðsáætlun almannavarna.

4.4 VERKEFNI OG SAMSTARF

Lögbundnum verkefnum slökkviliða er skipt upp í fimm eftirfarandi þjónustuflokka:

1. Vatnsöflun og slökkvistarf utanhúss,
2. Slökkvistarf innanhúss og reykköfun,
3. Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum, eiturefnaköfun,
4. Björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum,
5. Eldvarnaeftirlit og forvarnir, þ.m.t. eftirlit með einkabrunavörnum.

Heimilt er að fela slökkviliði önnur verkefni en þau sem lögbundin eru, en þau mega þó ekki draga úr getu slökkviliðs til að sinna lögbundnum verkefnum sínum. Verkefnin skulu koma fram í brunavarnaáætlun, þar skal einnig koma fram til hvaða ráðstafana hefur verið gripið af hálfu slökkviliðsins til að tryggja að þau dragi ekki úr getu slökkviliðs til að sinna lögbundnum verkefnum.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á starfsemi slökkviliðs, þ.m.t. framkvæmd eldvarnaeftirlits. Sveitarstjórn ákveður í brunavarnaáætlun umfang þjónustu slökkviliðs. Sveitarfélög geta uppfyllt skyldur sínar um rekstur slökkviliða með samstarfi sín á milli um reksturinn. Tvö sveitarfélög eða fleiri geta samið um sameiginlegt slökkvilið í formi byggðasamlags. Sveitarfélagi er einnig heimilt að semja við annað sveitarfélag um að hafa með höndum tiltekin verkefni og stjórn slökkviliðs í heild eða að hluta. Gera skal skriflegan samning sem tilkynna skal til HMS.

Samstarfssamningar eru til við Slökkvilið Múlaþings og Slökkvilið Norðurþings um gagnkvæma aðstoð.

Þá hefur slökkviliðið einnig möguleika á að nýta æfingaaðstöðu hjá Slökkviliði Norðurþings.

Um 70 kílómetrar eru til Vopnafjarðar og 66 kílómetrar til Raufarhafnar sem eru næstu byggðarlög.

Um 150 kílómetrar eru til Húsavíkur.

Verkefni	Fjöldi samninga	Uppfyllt af slökkviliði
Eldvarnaeftirlit og forvarnir	0	Já
Björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum	0	Já
Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum, eiturefnaköfun	0	Já
Slökkvistarf innanhúss og reykköfun	0	Já
Vatnsöflun og slökkvistarf utanhúss	0	Já

Samningar/Verkefni	Samningur	Hlutverk	Gildir frá	Gildir til
Gagnkvæm aðstoð	Aðstoð við vatnsöflum og rýmingar	Þjónustuveitandi	01.12.2018	
Gagnkvæm aðstoð	Upphreinsun á vegum	Þjónustuþiggjandi	02.06.2020	
Gagnkvæm aðstoð	Slökkvistörf á H2	Þjónustuveitandi	01.07.2021	01.01.2028
Lögbundin verkefni	Aðstoð	Gagnkvæmt	01.06.2015	01.07.2029
Lögbundin verkefni	Gagnkvæm aðstoð Slökkviliðs Múlaþings	Gagnkvæmt	01.01.2011	01.04.2028

Samstarf er á milli lögreglu, björgunarsveita, sjúkraflutningsmanna og slökkviliðsins. Heildarfjöldi björgunarsveitamanna sem hægt er að ná í með skömmum fyrirvara er u.þ.b. 15 á svæðinu og alls eru tveir lögreglumenn á vegum lögreglustjórans á Norðurlandi eystra. Björgunarsveitarmenn eru þjálfaðir til aðstoðar við slökkvilið og æfa að lágmarki tvisvar á ári með slökkviliðinu og er til samstarfssamningur um þá aðstoð.

4.5 ELDVARNAREFTIRLIT

Eldvarnaeftirlit og forvarnir er eitt af lögbundnum verkefnum slökkviliða. Eldvarnaeftirlit skal haft með mannvirkjum, lóðum og starfsemi þar sem eldhætta getur skapast og ógnað lífi, heilsu, umhverfi og eignum.

Slökkviliðsstjóri gefur út eftirlitsáætlun ársins fyrir 1. febrúar hvert ár. Þar skal gert grein fyrir hvaða mannvirki, lóðir og starfsemi í sveitarfélaginu munu sæta eldvarnaeftirliti það árið. Áætlunin skal birt á vefsíðu slökkviliðsins eða viðkomandi sveitarfélags og skilað til HMS í gegnum Brunagátt. Samantekt um framkvæmd eldvarnaeftirlits að ári liðnu skal einnig skilað til HMS í gegnum sömu gátt.

Samkvæmt áhættumati ætti starfshlutfall eldvarnaeftirlits að vera að lágmarki 50%
Starfssemin er tvenns konar:

- Eldvarnaeftirlit og skoðun.
- Upplýsingar og fræðsla.

Helstu verkefni forvarna eru:

- Ráðgjöf til hönnuða.
- Skoðun teikninga bygginganefndar.
- Úttekt á skoðunarskyldum stöðum, skv. reglugerð um eldvarnir og eldvarnaeftirlit nr. 723/2017.
- Umsögn vegna veitinga- og gististaða.
- Sérstakt eftirlit með mannmörgum stöðum, t.d. veitinga- og samkomuhúsum.
- Fræðsla fyrir almenning um eldvarnir.
- Fræðsla í skólum um eldvarnir.
- Slökkviliðsstjóri situr fundi skipulags- og byggingarnefndar.

Slökkviliðsstjóri hefur lokið námskeiðum I, II og III fyrir eldvarnaeftirlitsmenn og námskeiði fyrir slökkvistjóra.

Eldvarnaeftirlit er haft með mannvirkjum, lóðum og starfsemi þar sem eldhætta getur

skapast og ógnað lífi, heilsu, umhverfi og eignum.

Eftirfarandi mannvirki, lóðir eða starfsemi eru skoðunarskyld af hálfu eldvarnareftirlits slökkviliðs eða eftir atvikum háð eigin eftirliti eiganda a.m.k. einu sinni á ári.

- Þar sem margir starfa, koma saman, fara um eða dveljast og/eða þar sem hættu er á stórfelldu manntjóni í eldsvoða,
- Þar sem af fyrirhugaðri starfsemi stafar sérstök eldhætta, þar sem hættu er á stórfelldu eignatjóni í eldsvoða eða þar sem eldsvoði getur haft alvarlegar samfélagslegar afleiðingar.
- Allar byggingar í notkunarflokki 4, 5 og 6 skv. ákvæðum byggingarreglugerðar.

Þá skal að lágmarki skoða eftirtalin mannvirki fjórða hvert ár.

- Mikilvægar menningarsögulegar byggingar og mannvirki,
- Annað atvinnuhúsnæði og opinberar byggingar sem slökkviliðsstjóri telur nauðsynlegt að sæti reglubundnu eldvarnareftirliti.


Slökkviliðsstjóri gefur út eftirlitsáætlun fyrir 1. febrúar ár hvert yfir þær byggingar sem skulu sæta eldvarnaeftirliti það árið.

35 byggingar eru í skoðunaráætlun fyrir Langanesbyggð á árinu 2026. Það er fyrir utan tækifærisleyfi og loka- og öryggisúttektir og yfirferð teikninga.


4.6 ÚTKÖLL – GREINING

Útköll slökkviliða eru flokkuð eftir tilefni og forgangi. Hér fyrir neðan er niðurbrot á verkefnum síðustu 12 mánuði.


Útköll eftir forgangsflokkum



Hlutfall útkalla



Fjöldi útkalla eftir póstnúmerum



5 HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

Húsnæði slökkviliða skal vera í samræmi við leiðbeiningar HMS. Slökkvilið skal hafa til umráða fullnægjandi búnað til að geta sinnt verkefnum sínum. Lágmarksbúnaður skal ákveðinn í brunavarnaáætlun. Allur búnaður skal geymdur, þrífinn og honum viðhaldið í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.

Í eftirfarandi töflum sést samantekt á slökkvistöð/slökkvistöðvum ásamt tækjum og búnaði slökkviliðsins.

Slökkvistöð	Kallnúmer	Heimilisfang	Póstnúmer	Aðalstöð
Þórshöfn	100	Bakkavegur 11	680	Já
Bakkafjörður	200	Miðvangi 9	685	Nei

Tæki/búnaður	Þórshöfn	Bakkafjörður
Froðutankur stærð	400	100
Dælugeta	9.200	1.200
Vatnstankur stærð	4.000	1.200
Fjarskipti Tetra	14	0
Handslökkvitæki	17	0
Hitamyndavél	1	0
Auka lofthylki	27	0
Rekstútar	2	0
Reykblásarar	4	0
Reykköfunartæki með fjarskiptum	20	2
Stjórnborð reykköfunar	0	0
Slökkviliðsmenn	16	2
Yfirmenn	4	1
Reykkafarar	8	0
Mótvægi stöðvar	1	0

Unnið er að breytingum og stækkun á slökkvistöð til þess að hún uppfylli betur nútíma kröfur um þvottaaðstöðu fyrir galla og búnað.

Þá er einnig verið að bæta aðstöðu fyrir slökkviliðsmenn til að þrifa sig eftir æfingar og útköll með sturtum og gufubaði sem ráðgert er að verði klárt 2026.

Þá eru slökkviliðsmenn að fá skápa til að geyma slökkvigalla og persónulegan búnað.

Á Bakkafirði er bíll geymdur í áhaldahúsi sem uppfyllir ekki kröfur sem slökkvistöð.

6 ÁHÆTTUMAT OG MÓTVÆGI

Stærð slökkviliðs og skipulag þess skal ákvarðað út frá þeim áhættum sem eru til staðar í sveitarfélaginu. Því er mjög mikilvægt að slökkvilið greini helstu áhættur sveitarfélagsins og útbúi áhættumat, þar sem fram koma líkur á atburðum og afleiðingar þess ef áhættur raungerast.

6.1 ÁHÆTTUMAT OG ÁHÆTTUSTIG

Áhættur voru valdar eftir hversu mikið vægi þær hafa á búsetu og eða samfélagið og einnig hversu flókið slökkvistarf yrði og hversu erfið rýming væri.

Áhættumat

Áhætta	Fjöldi einstaklinga	Samfélagsleg og rekstrarleg áhrif	Viðbragðstími	Ástand einstaklinga	Ástand mannvirkis
Frysting	30-100	yfir 100 starfsmenn. / milljarð í veltu.	10 < < 15	Sjálfbjarga	Eldri hús / timbur
Dvalarheimili	5-30	16-25 starfsmenn.	10 < < 15	4 - 6 ósjálfbjarga	Steinsteypt hús
Bjargið ehf	5-30	6-15 starfsmenn.	45 <	Sjálfbjarga	Gömul léleg hús
Skrifstofa og gisting	5-30	1-5 starfsmenn.	20 < < 30	1 - 2 ósjálfbjarga	Steinsteypt hús
Grunnskóli	30-100	26-50 starfsmenn.	15 < < 20	2 - 4 ósjálfbjarga	Steinsteypt hús
Þórsver	100-200	6-15 starfsmenn.	10 < < 15	2 - 4 ósjálfbjarga	Steinsteypt hús
Flugslys	5-30	1-5 starfsmenn.	10 < < 15	Sjálfbjarga	
Íþróttamiðstöð	100-200	1-5 starfsmenn.	10 < < 15	2 - 4 ósjálfbjarga	Góð hús sem uppfylla þarfir
Kirkja	100-200	1-5 starfsmenn.	10 < < 15	2 - 4 ósjálfbjarga	Steinsteypt hús
Frystiklefi	30-100	yfir 100 starfsmenn. / milljarð í veltu.	10 < < 15	Sjálfbjarga	Góð hús sem uppfylla þarfir
Fiskimjölsverksmiðja	<5	16-25 starfsmenn.	10 < < 15	Sjálfbjarga	Góð hús sem uppfylla þarfir

Áhættustig

Áhætta	Líkur	Afleiðing	Áhættustig
Frysting	Miklar	Stórslys	5
Dvalarheimili	Töluverðar	Stórslys	4
Bjargið ehf	Auknar	Hættulegt	3
Skrifstofa og gisting	Auknar	Hættulegt	3
Grunnskóli	Auknar	Hættulegt	3
Þórsver	Auknar	Hættulegt	3
Flugslys	Litlar	Hættulegt	2
Íþróttamiðstöð	Litlar	Hættulegt	2
Kirkja	Auknar	Litlar	2
Frystiklefi	Litlar	Krítískt	2
Fiskimjölverksmiðja	Litlar	Krítískt	2

6.2 MÓTVÆGI OG NIÐURSTÖÐUR

Áhætta	Áhættustig	Mótvægi slökkviliðs	Slökkvistöð	Vegalengd (Km)	Viðbragðstími (Mín)	Viðbragðsstöðvar
Fiskimjölverksmiðja	5	1	Þórshöfn	0,5	12	Þórshöfn, Bakkafjörður
Frysting	5	1	Þórshöfn	0,5	12	Þórshöfn, Bakkafjörður
Dvalarheimili	4	1	Þórshöfn	0,3	12	Þórshöfn, Bakkafjörður
Skrifstofa og gisting	3	1	Bakkafjörður	0,2	1	Þórshöfn, Bakkafjörður
Bjargið ehf	3	1	Bakkafjörður	0,3	1	Þórshöfn, Bakkafjörður
Þórsver	3	1	Þórshöfn	0,4	12	Þórshöfn, Bakkafjörður
Grunnskóli	3	1	Þórshöfn	0,4	11	Þórshöfn, Bakkafjörður
Fiskimjölverksmiðja	2	1	Þórshöfn	0,5	12	Þórshöfn, Bakkafjörður
Frystiklefi	2	1	Þórshöfn	0,5	12	Þórshöfn, Bakkafjörður
Kirkja	2	1	Þórshöfn	0,9	13	Þórshöfn, Bakkafjörður

Stærð slökkviliðs og skipulag þess skal ákvarðað út frá þeim áhættum sem eru til staðar í sveitarfélaginu. Því er mjög mikilvægt að slökkvilið greini helstu áhættur sveitarfélagsins og útbúi áhættumat, þar sem fram koma líkur á atburðum og afleiðingar þess ef áhættur raungerast

7 FRAMKVÆMDAÁÆTLUN

Framkvæmdaáætlun gerir grein fyrir þeim breytingum og endurskoðun á starfsemi slökkviliðs sem fyrirhugað er að gera á gildistíma brunavarnaáætlunar. Í töflunum hér að neðan kemur fram sú vöntun á búnaði og/eða mannskap sem áhættugreining leiddi af sér og þær aðgerðir sem áætlað er að fara í til að mæta þeirri vöntun.

7.1 FRAMKVÆMDAÁÆTLUN BYGGÐ Á ÁHÆTTUMATI

Taflan hér fyrir neðan sýnir aukningu á viðbragðsgetu til samræmis við samanburð milli áhættumats brunavarnaáætlunar og getu slökkviliðs til að bregðast við greindum áhættum. Sé ekki þörf á breytingum á viðbragðsgetu birtist taflan ekki.

Slökkvistöð	Liður	Lýsing	Magn	Áætlunarár
Þórshöfn	Auka lofthylki		5	2027
Bakkafjörður	Auka lofthylki		4	
Þórshöfn	Fjarskipti Tetra		16	
Bakkafjörður	Fjarskipti Tetra		1	
Þórshöfn	Handslökkvitæki		10	
Bakkafjörður	Handslökkvitæki		5	
Þórshöfn	Hitamyndavél		1	
Bakkafjörður	Hitamyndavél		1	
Þórshöfn	Rekstútar		2	2027
Bakkafjörður	Rekstútar		1	
Þórshöfn	Reykblásarar		1	2027
Bakkafjörður	Reykblásarar		1	
Þórshöfn	Reykköfunartæki með fjarskiptum		2	2027
Þórshöfn	Stjórnborð reykköfunar		1	
Bakkafjörður	Stjórnborð reykköfunar		1	2027
Bakkafjörður	Slökkviliðsmenn		2	

Slökkvistöð	Liður	Lýsing	Magn	Áætlunarár
Þórshöfn	Dælugeta		3.000	
Bakkafjörður	Dælugeta		1.200	
Þórshöfn	Froðutankur stærð		420	
Bakkafjörður	Froðutankur stærð		100	
Þórshöfn	Vatnstankur stærð		10.000	
Bakkafjörður	Vatnstankur stærð		1.200	

7.2 ENDURNÝJUN OG AÐRAR FJÁRFESTINGAR

Taflan hér að neðan sýnir endurnýjun á búnaði ásamt öðrum fjárfestingum sem ekki koma fram í úrvinnslu áhættumats en eru nauðsynleg fyrir starfsemi slökkviliðs.

Slökkvistöð	Liður	Lýsing	Magn	Áætlunarár
Þórshöfn	Dæla - laus		2	2027
Þórshöfn	IR myndavél		1	2027
Þórshöfn	Buxur		2	2027
Þórshöfn	Jakkar		2	2027
Þórshöfn	Combtool		1	2028
Þórshöfn	Hjartastuðtæki		1	2028
Þórshöfn	Björgunarstífur		2	2028

7.3 MENNTUNARÁÆTLUN

Taflan hér að neðan sýnir menntunaráætlun slökkviliðsins til næstu þriggja ára. Áætlunin felst í að tryggja að viðhalda menntunarstigi liðsins svo það sé í stakk búið að sinna lögbundnum verkefnum og takast á við áhættur á svæðinu.

Námskeið	2027	2028	2029
Atvinnuslökkviliðsmaður			
Eldvarnareftirlitsmaður I	1		
Eldvarnareftirlitsmaður II	1		
Eldvarnareftirlitsmaður III	1		
Námskeið 1	4		
Námskeið 2	4		
Námskeið 3	4		
Námskeið 4	4		
Stjórnandi	4		

7.4 SAMANTEKT OG RÖKSTUÐNINGUR FRAMKVÆMDAÁÆTLUNAR

Við ákvörðun um framkvæmdaáætlun er stuðst við áhættumat sem leiðir í ljós hvaða búnað og/eða mannskap við þurfum til að geta brugðist við atburðum. Almennt séð er Slökkvilið Langanesbyggðar vel sett búnaðarlega gagnvart áhættum en brýn þörf er á stækkun slökkvistöðvar og auka dælugetu með kaupum á lausum dælum. Nauðsynlegri endurnýjun minni búnaðar er sinnt eftir þörfum og vel passað upp á að allur almennur búnaður sé tiltækur og í lagi. Þar er helst að nefna allan persónubúnað slökkviliðsmanna, dælubúnað og allan lausan búnað slökkviliðanna.

Settar voru 12 milljónir í viðbyggingu við slökkvistöð 2026 sem er eitt bílabíl og verður þá pláss fyrir þrjá bíla. Verður það bíl einnig notað sem þvottastaða fyrir bíla og búnað.

Einnig er brýnt að gera búningsaðstöðu fyrir konur, þar sem engin aðstaða er fyrir þær á slökkvistöð.

8 FYLGISKJÖL

Lýsing skjals	Tegund skjals	Dagsetning skjals
Gagnkvæm aðstoð	Samningur	01.06.2015
Hreinsun á vegsvæði í kjölfars umferðaróhappa	Samningur	02.06.2020
Samningur Landhelgisgæslu um slökkvistörf og aðstoð Gunnólfsvíkurfjalli H-2 Ratsjástöð	Samningur	01.07.2021
Slökkvilið Vopnafjarðar er kallað út ef upp koma atvik á Bakkafirði	Samningur	01.01.2011
Þessi samningur er ótímasettur en er uppsegjanlegur 3 mánaða fyrirvara	Samningur	01.12.2018